



# Hestamannafélagið Glaður

Sunnubraut 7  
370 Búðardal  
www.gladur.is

## Stjórnarfundur 8. október 2014

*Endurritað úr fundargerðarbók Glaðs á ábyrgð ritara:*

Stjórnarfundur í Hestamannafélaginu Glað 08.10.2014, haldinn að Sunnubraut 7.

Mættir: Þórður, Viðar, Þórarinn, Svala, Heiðrún Sandra og Gyða.

1. Rætt um tillögur frá félögnum inná LH þing sem haldið verður 17.-18. október. Glaður ásamt félögum á vesturlandi er með 2 tillögur, önnur um eignarhald á hesti í keppni, hin um stjórnarskipun í LH að landshlutafulltrúar bætist við. Sammála um að í stjórn LH sé fólk af öllu landinu. Góð tillaga v. menntunar fótaskoðunarmanna á mótum. ef samþykkt verður þá mennta fulltrúa frá Glað, umræða um tillögur vegna beislabúnaðar. Rætt um að menn komu ekki með hross í fótaskoðun á félagsmóti og fengu þá ekki einkunn, strikaðir út.
2. Þórður og Heiðrún Sandra fóru í september á formannafund á vesturlandi, tilefnið að setja saman tillögur til LH þings. Spáð var þar í hvort verður stórmót á vesturlandi 2015, gæðingamót. Skuggi sækir um Íslandsmót yngri flokka 2016, Glaður styður það. Eftir úrtökumótið var smá hagnaður sem samþykkt var að skipta milli félaganna í hlutfalli við skráningu. Glaður fær um 30.000 sem fer upp í skráningargjöld fulltrúa á landsmót. Æskulýðsdagur Vesturlands verði haldinn aftur 2015, óákveðið hvort fari milli staða eða verði aftur í Borgarnesi en dagurinn þar í ár var vel sóttur og heppnaðist vel. Fundað verður um mótadaga í byrjun nóvember, þá fara formaður og formaður mótanefndar.
3. Rætt um kostnað við knapamerkjapróf, hver á að borga? Styrkja þátttakendur að hluta. Ekki nógu skipulagt fyrirkomulag knapamerkja, hafa að markmiði að styrkja börn og unglinga í að taka þátt, styrkja prófið. Auglýsa eftir hverjir hafa áhuga á að fara í knapamerki, fræðslunefnd taki það að sér að kanna áhuga.
4. Reiðvegamála. Verkefnið Saurar - Ás er að klárast, búið að vinna fyrir ca. 1.300.000 sem er umfram þann styrk sem fékkst en vonandi geta önnur félög lánað okkur af sínum styrkjum. Búið er að lagfæra reiðveginn fyrir ofan Búðardal, sérstakur styrkur fékkst til þess í framhaldi af erindi Dalabyggðar og Glaðs til Vegagerðarinnar. Bréf hefur borist frá Eggert Pálssyni til reiðveganeftndar Glaðs þar sem hann óskar eftir bættri reiðleið fyrir neðan Stóra-Vatnshorn, málið verður rætt í reiðveganeftnd.
5. Árshátíðarundirbúningur er í fullum gangi en hátíðin verður haldin á Laugum 15. nóvember nk. Heiðursfélögum verður boðið að venju.
6. Svala vakti máls á varðandi félagatal, ef ekki er greitt í 2 ár þá má strika út, nú eru 10 fullorðnir og með ógreidd félagsgjöld til tveggja ára, spurning um að senda út ábendingarbréf og fólk hefur samband. Setja börn á kennitölu foreldra þannig að greiðsluseðlar komi fram í heimabönkum foreldris.
7. Þórarinn vakti máls á að í tengslum við landsmót þá hefði Lárus verið þjálfari fyrir yngri keppendur, hélt að mætti hitta knapana en mátti það svo ekki þar sem var dómari á mótinu. Mjög slæm upþákoma þar sem treyst var á að börn og unglingar fengu leiðsögn. Má ekki koma fyrir aftur.
8. Rætt um mótsstjórnun í vor vegna að dregin var til baka brottvísun knapa úr keppni. Halda verður knapafundi fyrir mót, allt hesthúsasvæðið er mótssvæði og reglur gilda allsstaðar. Yfirdómari sitji fundinn með mótsstjórn.
9. Fræðslunefnd er að leggja línurnar fyrir dagskrá og námskeið í vetur

Ekki fleira rætt og fundi slitið.

*Gyða Lúðvíksdóttir, ritari*